

74 — Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar 21. maí fyrir hlutaðeigðindum.

75 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um* 21. maí. *skipting Þingeyjarsýslu í tvö sýslufjelög.*¹ — Með því að lög um að skipta Þingeyjarsýslu og Skaptafellssýslu hvorri um sig í tvö sýslufjelög, mæla svo fyrir, að landshöfðingi gjöri ráðstafanir til þess, að koma lögum þessum í verk svo fljótt sem verða má, skulu hjer með settar þessar ákvarðanir þar að lútandi:

1. Frá 1. d. janúarm. 1879 skal Þingeyjarsýsla vera 2 sýslufjelög, er Reykjaheiði skilji. Í hvorri sýslunefnd um sig skal, auk sýslumanns sem oddvita, vera 1 maður úr hverjum hreppi í sýslunni (í norðurhlutanum 5, í suðurhlutanum 7), kosinn samkvæmt fyrirætlum tilskipunar um sveitastjórn 4. maí 1872. Það er falið sýslunefnd þeirri, sem nú er, eða eptir atvikum amtsráðinu (sbr. 31. gr. sveitastjórnartilskipunar.) að gjöra út um það, hvort ný sýslunefndarkosning skuli fram fara í hreppum þeim, er hinir núverandi sýslunefndarmenn hafa verið kosnir úr, eða hvort sýslunefndarmenn þeir, sem nú eru, geti starfað í nefndunum fyrir nýju sýslufjelögin án nýrrar kosningar.

2. Frá sama degi skal hvort sýslufjelag um sig hafa sína fjármuni og sín málefni út af fyrir sig. Því, sem hið núverandi sýslufjelag á til, að með töldu sýslugjaldinu um árið 1878, svo og skuldbindingum þeim, er hvíla á sýslunni, skal þess vegna skipt milli hinna 2 nýju sýslufjelaga fyrir lok þessa reikningsárs. Skipti þessi skulu gjörð af sýslunefndinni, sem nú er, með samþykki amtsráðs (sbr. sveitarstj.tilsk. §§ 43 & 52).

3. Sýslunefndin, sem nú er, skal hlutast til um, að samin verði í tæka tíð handa hinum nýju sýslunefndarumdæmum áætlun sú um tekjur og gjöld sýslufjelagsins á árinu 1879, sem fyrir skipuð er í 40. gr. sveitarstj.tilsk.

Um leið og jeg tjái yður þetta, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir sýslunefndinni í Þingeyjarsýslu og annara ráðstafana, mælist jeg til, að þjer sendið mjer ítarlega skýrslu um sýslu-skiptinguna, þegar hún er um garð gengin.

76 — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um kostn-* 23. maí. *að út af embættisferð hjeraðslæknis.* — Í brjefi frá 15. f. m. hafið þjer, herra amtmaður, leitað úrskurðar míns um það, hvort greiða beri úr jafnaðarsjóði suðuramtsins kostnað, að upphæð 60 kr., við ferð hjeraðslæknisins í Borgarfjarðarsýslu út á Akranesskaga í síðastliðnum janúarmánuði, til þess eptir skipun landlæknis, að grennslast eptir almennu heilbrigðisástandi fólks í Akraneshreppi. Látið þjer í ljósi það álit, að sögur þær, er í vetur bærust um ísbyggilegt ástand í nefndum hreppi vegna megns bjargarskorts, hafi verið mjög ýktar, og að landlæknirinn hafi ekki, áður en hann gjörði nefnda fyrirskipun, grennslazt nægilega eptir, hvort áminnstar sögur hafi verið á nægum rökum byggðar. Þar að auki eruð þjer í vafa um, hvort kostnaðinn við þessa ráðstöfun, þó hún yrði álitin þess eðlis, að hann mætti borgast úr almennum sjóði, ætti ekki öllu fremur að greiðast úr hlutaðeigandi sýslusjóði, heldur en úr jafnaðarsjóði suðuramtsins.

1) Sama dag var amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu ritað á sömu leið um skiptingu Skaptafellssýslu í tvö sýslufjelög.